
VELJUM ÍSLENZKT ÍSLENZKAN IÐNAÐ



JBP
J. B. PÉTURSSON SF.
ÆGISGÖTU 4 - 7 13125, 13126



Steingrímur, á einni af fyrri sýningum sínum. Málverkið er af Sverri Kristjánssyni, sagnfræðingi.

Svaf, át og málaði í fólksvagen-rúgbrauði

— og nú sýnir Steingrímur á Kjarvalsstöðum

Hann var ekki við, þegar við komum á Kjarvalsstaði, þótt við hefðum talað við hann í síma kortéri áður og mælt okkur mót. Hann hafði skyndilega þotið eitthvað. Það væri hægt að segja, að hann hefði þotið eins og hvítur stormsveipur, ef ekki væri fyrir skeggið, dökka og úfna, sem gerir hann útlits eins og arabiskan „kriminal" úr Þúsund og einni nótt.

Þetta er 25. sýning Steingríms Sigurðssonar og haldin meðal annars í tilefni af fimmtugsafmæli hans. Hann sýnir þarna 100 myndir, sumar í einkaeign en flestar til sölu. Svo kom hann þjótandi:

— Sæll gamli starfsbróðir, fóstbróðir og vinur. Fyrirgefðu, ég fór til Hafnarfjarðar að ná í mynd.

— Þetta er júníor, sagði hann stoltur og ýfði hárið á pilti, sem fylgdi í kjölfar hans. — 9,8 í teikningu, 10 í miðsvetrareinkunn og verður föðurbetrungur.

— Ég er búinn að vinna geysilega fyrir þessa sýningu. Var mikið á Laugarvatni. Ég keypti mér fólksvagen-rúgbrauð og innréttaði sem vinnustofu, svefnherbergi og setustofu. Svo málaði ég. Ég var ægilega duglegur. Ég ætla líka að vera ægilega duglegur, þegar ég byrja aftur í blaðamennsku. Það er draumurinn. Blaðamennska verður að ástríðu eins og þú veizt.

Hann skundaði fram og aftur um salinn.

— Ég málaði stórar myndir núna. Ég er farinn að mála stærri myndir.

Hann vatt sér að manni, sem stóð álengdar.

— Þetta er Friðbjörn, skólastjóri úr Grindavík. Hann er í sama stjörnumerki og ég. Hann sagði mér að mála stærri myndir. Maður verður að hlýða skólastjórum.

— Þetta er „Vetrarbrautin". Hann bendir á stórt og litríkt verk. — Það er tileinkað vini mínum, Agli Bachman. Tunglskotið frá Kennedyhöfða „inspireraði" þessa mynd. Annars var öllum tunglmyndum mínum stolið í Bandaríkjunum.

Hann bendir á aðra, — af húsi, sem stendur afskekkt.

— Ég var nærri orðinn úti við að mála þessa mynd. Það vatt sér að mér kona í Hveragerði og lét mig mála hana. Hún var svo ákveðin. Mér líkar ágætlega við fólk, sem vindur sér að mér og segir mér að mála mynd.

Sýning Steingríms í Kjarvalsstöðum er opin til næsta sunnudags kl. 15 til 22. Síðustu tvo sýningardagana, laugardag og sunnudag, verður hún þó opin frá kl. 15-24. Mikill fjöldi gesta hefur sótt sýninguna og margar myndir eru þegar seldar.

—ÓT



Hve lengi viltu bíða eftir fréttunum?

Viltu fá þær heim til þín samdægurs? Eða viltu bíða til næsta morguns? VÍSIR flytur fréttir dagsins í dag!

Fyrstur með fréttirnar VÍSIR

1 Kauptu hana strax

Þegar skólinn hefst þarftu peninga til margra hluta Þess vegna kaupir þú hina fullkomnu Tatex 834 SR strax.

8 stafa grænt ljósaborð
Minni
Prósenta
Fljótandi komma og föst
Konstant
Og auk hinna venjulegu reiknlaðferða inniheldur Tatex 824 SR kvaðratrót x^2 og 1/x Árs ábyrgð — tengjanlegur straumbreytir



olivetti
skrifstofutækni h.f.
tryggvagötu simi 28511

TATEX LTD.

Trunta gerir lukku

„Það er búið að vera mikið um að vera hérna í Sædýrasafninu í sumar, sérlega eftir 1. júlí", sagði Jón Gunnarsson, forstjóri safnsins, þegar við röbbuðum við hann í morgun.

„Það eru stóru dýrin, sem hafa forgang, sérstaklega hjá yngstu kynslóðinni, og þá helzt hvítabirnirnir, aparnir, ljónin, sæljónin og selirnir. Einnig gerir meri, sem bara gengur undir því óvirðulega nafni Trunta, afar mikla lukku, en á henni geta krakkarnir farið í smáreiðtúr." Sagði Jón, að þeir þyrftu að fá sér fleiri hesta í þennan vísi að hestaleigu.

Hátt á annað þúsund manns koma í Sædýrasafnið á sunnudögum. Er þetta aðallega fjölskyldufólk og svo kemur alltaf töluvert af útlendingum, en þá ekkert síður á virkum dögum.

Jón sagði, að reksturinn væri alltaf erfiður. Fimm manns ynnu þarna allt árið og í sumar eru þar 6 skólakrakkar við aðgæzlu og hreinsun. Verði aðgöngumiða er stillt mjög í hóf og sagði Jón, að það væri miðað við, að ekki væri dýrara að fara í Sædýrasafnið en í bíó. Aðgangseyrir er 200 kr. fyrir 12 ára og eldri og 100 kr. fyrir börn yfir 5 ára.

—EVI—

Bifreiðaverkstæði
N.K. SVANE
Ljósastillingar
SKEIFAN 5
SÍMI 34362